

Sunddeild Ungmennafélas Selfoss

Stjórnarfundur í Tíbrá á Selfossi þann 21. maí 2007.

Mættir voru:

Sigrún Sunna Skúladóttir
Árni Laugdal

Sigurbjörg Björnsdóttir

Fundur settur klukkan 20:05

Rætt um þjálfaramál næsta vetrar og fleira. Sigrún Sunna boðar þjálfarana á fund með stjórninni þar sem farið er yfir starf vetrarins og áframhaldandi ráðningar auk þess að kalla fram hugmyndir komandi vetrar vetrar.

Tvö mót í pípunum en ekkert komið enn um þau.

Aldursflokkamót HSK 17 ára og yngri
Héraðsmót HSK

Dómaranámskeið í Hveragerði í sumar og ákveðið að hvetja alla foreldra að taka þátt. Sigrún sendir foreldrum tölvupóst með nánari auglýsingu.

Sameiginlegurskránigardagur verður hjá öllum félögum í haust. Munum Sunddeildin vera með í því auk þess sem við áskiljum okkur rétt til að fara okkar eigin leiðir að auki sé það talið betra fyrir deildina.

Samþykkt að halda erindi til Árborgar, um samfelld skóla- og sundstarf, lifandi.

Þjónustusamningur milli HSK og Árborgar ræddur og Sigrúnu falið að ræða við HSK um okkar áherslur:

Áframhaldandi aðgangur að sundhöllinni til æfinga.
Bætt tækjaaðstaða í kjallara með áherslu á börn og unglinga.

Rætt um vandræði að fá fulltrúa í 17. júní nefnd. Sigrún heldur áfram að reyna að fá fulltrú frá foreldri.

25. maí verður Þrastaskógardagur. Allir í stjórninni sem geta mæta. Viðurkenningarskjöl afhent. Allir hópar mæta. Mætt klukkan 16:00 í Sundhöllinni. Farið á einkabílum. Þjálfarar gera auglýsingu og dreifa henni. Sigrún Sunna sendir öllum foreldrum auglýsingu einnig rafrænt **STRAX**.

Lagt til að þjálfarar verði með nafnakladda þar sem mæting er skráð auk tíma eða annarra mælinga sem sýna framfarir af starfinu. Ætlast er til að þjálfarar láti formann deildarinnar hafa afrit af kladdanum.

Rætt um styrktaraðila til að greiða æfingagjöld í september og mun sunddeildin jafnvel bjóða annan mánuðinn frítt á móti fyrir nýja krakka. Björgvin falið að ræða þetta við Glitni eða aðra í samvinnu við Sigrúnu Sunnu.

Stjórnin tekur vel í hugmynd Bryndísar þess efnis að krakkar eldri en 11 – 12 ára og sýni 80% ástundun fái að fara í æfingarbúðir til Bæjaralands í Þýskalandi. Rétt er að ræða þetta betur fljótlega hefja undirbúning ef fara á.

Sigurbjörg ræðir við Björgvin um skiltainnheimtur og samninga um skilti. Þau stýra þessari vinnu.

Samskiptavandi milli þjálfara og foreldra tengt flöskusöfnunarferð ræddur og mistök við boðun í síðustu ferð hörmuð. Allmennt telur stjórnin að boða verði alla viðburði með lengri fyrirvara en nú er gert.

Árni kynnir hugmynd að viðbótar-flöskusöfnun. Var hugmyndinni vel tekið og ákveðið að skoða hana frekar og ræða við þá er málið varðar.

Ég er stoltur flöskugjafi



Við bjóðum þér að setja tómar flöskur og dósir í meðfylgjandi poka og afhenda hann hjá Endurvinnslunni á Selfossi.

Verðmæti innihaldsins rennur til Sunddeildar Ungmennafélags Selfoss.

Ekki þarf að skila innihaldinu flokkuðu og töldu.

Fáðu nýjan poka hjá Endurvinnslunni þegar þessum er skilað og haltu áfram að safna.

Þökkum framlag þitt .

Sími Sunddeildarinnar er 695-1960
www.umfs.is/sund



Tryggur styrktaraðili:

Sparisjóðurinn Suðurlandi

Austurvegi 6 Selfossi. Sími: 480 2200

Niðurröðun í götusóp ákveðin og verður foreldrum kynnt hún með tölvupósti. Sigrún hefur samband við séra Kristinn og athugar hvort hann sé til í að vinna verkið um verzlunarmannahelgina eins og áður.

Nr	Laugardagur	Sunnudagur	Nafn	Athugasemdir
1	2.6.2007	3.6.2007	Sigurbjörg og Karl	
2	9.6.2007	10.6.2007	Árni og Ingibjörg	Sumar á Selfossi
3	16.6.2007	17.6.2007	Guðbjörg og Oddur	17. júní
4	23.6.2007	24.6.2007	Bryndís og Ólafur	
5	30.6.2007	1.7.2007	Sigrún Sunna og Magnús	
6	7.7.2007	8.7.2007	Björgvin og Guðlaug	
7	14.7.2007	15.7.2007	Erla og Hafsteinn	
8	21.7.2007	22.7.2007	Ragnheiður og Elís	
9	28.7.2007	29.7.2007	Helga Þráins og Hallgrímur	
10	4.8.2007	5.8.2007	Séra Kristinn og frú Anna	Verzlunarmannahelgin
11	11.8.2007	12.8.2007	Monika og Bjarni	
12	18.8.2007	19.8.2007	Helgi og Hildur	
13	25.8.2007	26.8.2007	Hekla og Ágúst	
14	1.9.2007	2.9.2007	Charlotte og Eiríkur	

Fundi slitið klukkan 22:00

Árni Laugdal